

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 30. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 5 ára.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1980.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Þorleifur Pálsson.

Nr. 271.

27. maí 1980.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 11.70%, frá 1. júní 1980 frá því sem þær voru í mars 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti. Til viðbótar skal síðan hækka tekjutryggingu um 5% frá sama tíma.

2. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1980:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 691 600
Hjón	— 968 240

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 272.

30. maí 1980.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 281/1979.**

1. gr.

XI. liður í 10. gr. fellur brott.

2. gr.

11. gr. b-stafliður orðist svo:

„Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, má eingöngu nota handa dýrum að fengnu skriflegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni: Arsenik, klófenótan, sjá þó ákvæði

í 10. gr., VII. tölulið, o-staflið og viðauka 1 með reglugerð þessari; klóramfeníkol, samtengd efnasambönd með verkan kynhormóna, skjaldkirtilslyf.“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

13. maí 1980.

Nr. 273.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12 þ. m. staðfest uppdrátt af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kjósarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

2. maí 1980.

Nr. 274.

SAMÞYKKT

um sorpheimtu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn sér um að flytja reglulega sorp og úrgang frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Selfossi, sbr. þó 5. gr.

Flutning sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

2. gr.

Sorp og úrgang, sem fellur til daglega skal setja í sérstakt sorpilát, sem bæjarfélagið lætur í té.

Þar sem notast er við pokakerfi skal komið fyrir sérstökum grindum eða tunnum og skulu húseigendur leggja það til og kosta. Lok skulu vera á öllum sorpilátum nema þar sem grindur eru undir sorprenum.

Um gerð, frágang og staðsetningu sorpgeymslna, sorpgrinda, sorptunna og sorpkista skal farið að fyrirmælum byggingafulltrúa og bygginganefndar annars vegar og heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar hins vegar.